

Hvalfjarðarsveit
Laufey Jóhannsdóttir,
sveitarstjóri
Innrimel 3, Melahverfi
301 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. maí 2014
Tilvísun: UST20140500022/ksj


Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008 - 2020 varðandi stefnumörkun iðnaðarsvæða


Vísað er til erindis sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar er barst 6. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008 - 2020 er varðar stefnumörkun iðnaðarsvæða.

Ofangreind tillaga að breytingu tekur til breytinga á texta í greinargerð aðalskipulags, en ekki er tillaga um breytingar á skipulagsuppráttum. Tillögur að breytingu varða það að nýta skuli bestu fánlega tækni til að draga úr mengun á iðnaðarsvæðum í sveitarfélaginu annars vegar og að ekki verði heimilt að hefja nýja starfsemi sem hefur í för með sér losun á flúor eða brennisteinstvíoxíð á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga, og að stefnt skuli að því að draga úr losun fyrrgreindra efna eins og kostur er.

Umhverfisstofnun tekur undir áætlaðar breytingar á stefnumörkun um iðnaðarsvæði í aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008 - 2020, í ljósi þess að fram hefur komið við vöktun á SO₂ að sólarhringsstyrkur er oftari hærra en gert er ráð fyrir í reglugerð og dreifing er út fyrir þynningarsvæðið. Einnig hefur komið fram í rannsóknum að flúor í kjálkabeinum fer yfir viðmiðunarmörk varðandi hættu á tannskemmdum í búfænaði.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri

Skipulagsstofnun